

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1970/2002 frá 4. nóvember 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 1970:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1970/2002 frá 4. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 302, 6.11.2002, bls. 3).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1970/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 42 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 302, 6.11.2002, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann